
Stækkun sorpförgunarsvæðis við Kópasker, Norðurþingi Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun sorpförgunarsvæðis við Kópasker, Norðurþingi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar um urðun nr. 738/2003. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á aðalskipulagi Norðurþings og deiliskipulag. Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulag er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Sorpsamlag Þingeyinga og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 21. janúar 2014.

INNGANGUR

Þann 30. október 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá EFLU verkfræðistofu, f.h. Sorpsamlags Þingeyinga, Norðurþingi, þar sem greint er frá áformum um að bæta við urðunarrein innan urðunarsvæðis á Kópaskeri. Tilkynningin er samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skv. töluliðum 11 b og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarfélagsins Norðurþings, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Norðurþingi með bréfi dags. 16. desember 2013, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 8. nóvember 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 7. nóvember 2013. Svör við umsögnum bárust frá Eflu verkfræðistofu, f.h. Sorpsamlagi Þingeyinga með tölvupósti dags. 18. desember 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhugað framkvæmd Fram kemur að sorpförgunarsvæðið sé í landi Snartarstaða II, Norðurþingi, á og við aflagða flugbraut. Fram kemur að landi hafi verið raskað við gerð flugbrautarinnar og framkvæmdasvæðið sé því allt raskað. Fyrir liggja úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 1998 þar sem fjallað hafi verið um urðun á svæðinu í urðunarrein 1, sem var rúmlega 4,6 ha, en nú sé fyrirhugað að bæta við annarri rein tæplega 5 ha að stærð. Síðastliðin 14 ár hafi sláturúrgangur verið urðaður á svæðinu og almennt sorp í 10 ár. Fyrirhugað sé að urða allt að 500 tonn á ári á svæðinu næstu 30 ár (250 tonn af almennum úrgangi og 250 tonn af slátur- og fiskúrgangi) miðað við fullnýtingu núverandi starfsleyfis (Innskot SKS starfsleyfi rann út 2.12.2012). Heildarmagn sem urðað yrði á þessum tíma verði að hámarki 15.000 tonn. Sorpförgunarstaðurinn

þjóni Kópaskeri og Raufarhöfn, eða svæðinu í fyrrum Öxarfjarðar- og Raufarhafnarhreppum. Urðun fari þannig fram að allt að 2-4 m djúpar rásir séu grafnar og uppgröftur haugsettur meðfram þeim til síðari nota. Úrgangi sé komið fyrir í rás jafnóðum og hann berist á urðunarstaðinn og hann þjappaður og hulinn daglega. Rásin sé síðan nærri fyllt með úrgangi og hann hulinn með a.m.k. 1 m þykkum jarðvegi.

Áhrif á landslag. Fram kemur að sorpförgunarsvæðið er í um 20 m hæð yfir sjó, á og við aflagða flugbraut á sléttum söndum. Þar sem urðað er í flugbrautina hækkar land um 1-2 metra en ný urðunarrein við hlið flugbrautarinnar liggja um 1 m lægra og verði því minna áberandi. Frágangur miði að því að sjónræn áhrif verði sem minnst.

Áhrif á gróður og fugla. Svæðið er að mestu ógróið en uppgræðsla er hafin og dýralíf er talið fábreytt. Fugl sæki að einhverju marki í urðunarstaðinn en úrgangur sé urðaður daglega sem eigi að draga úr ágangi fugla.

Áhrif á gunnvatn. Grunnvatn frá svæðinu kann að berast í Snartarstaðalæk. Sýnataka fór fram úr læknum í nóvember 2011 neðan við það svæði sem búast megi við að sigvatn berist í hann. Niðurstaða efnagreininga var að áhrif sigvatns voru ekki merkjanleg.

Áhrif á loftægð. Áhrifin eru talin óveruleg. Lífrænn úrgangur, sem oft lyktar, er hluti þess sem urðað er og er þess gætt að það sé ekki gert þegar vindur stendur í átt að byggð. Metangasmýndun er talin lítil þar sem þykkt úrgangsins í urðunarrein er lítil og aðgengi súrefnis nokkuð gott í gegnum gljúp sand- eða malarefni.

Áhrif á menningarmínjar. Engar mínjar eru kunnar innan svæðisins sem að mestu er raskað frá því flugbrautin var lögð.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að gert er ráð fyrir hluta framkvæmdasvæðisins sem urðunarsvæðis í Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030 en breyting á aðalskipulaginu sé í undirbúning og þar gert ráð fyrir sorpförgunarsvæði í samræmi við það sem hér er til umfjöllunar. Nýtt deiliskipulag sé í undirbúningi til samræmis við það sem hér er kynnt.

Framkvæmdaraðili telur að teknu tilliti til viðmiða í 3. viðauka laga nr. 106/2000 sé ekki líklegt að framkvæmdin kunni að hafa í för með sér umtalverð umhverfisáhrif og skuli því ekki há mati á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Norðurland, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun telja að ekki séu líkur á því að framkvæmdin kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á núverandi landnotkun. Norðurland bendir á að urðunarsvæðið sé á röskuðu landi og því óveruleg spjöll af frekara raski.

Áhrif á landslag, gróður og fugla. Umhverfisstofnun bendir á að áhrif framkvæmdarinnar á landslag, gróður og fugla verði óveruleg.

Áhrif af mengun. Norðurland, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra benda á að helstu áhrif geti orðið á grunnvatn en vöktun hafi leitt í ljós að mengunar gætir þar ekki en lögð er áhersla á áframhald vöktunar. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að á svæðinu fer fram móttaka og geymsla fyrir brotajárn og ef áformað sé að framhald verði á því að nota svæðið sem geymslusvæði fyrir endurvinnsluúrgang þurfi að fjalla um það í starfsleyfisskýrðum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun á sorpförgunarsvæði við Kópasker þar sem tekin verður í notkun ný urðunarrein, tæplega 5 ha að stærð, við hlið eldri urðunarreinar sem er rúmlega 4,6 ha. Sorpförgunarsvæðið er á landi sem hefur verið raskað við gerð flugbrautar, sem er aflögð og förgun

úrgangs hefur farið fram á svæðinu í 14 ár. Fyrirhugað sé að urða allt að 500 tonn á ári næstu 30 ár (250 tonn af almennum úrgangi og 250 tonn af slátur- og fiskúrgangi) en ekki verði aukning á árlegu magni. Heildarmagn sem urðað yrði á þessum tíma verði að hámarki 15.000 tonn.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skv. töluliðum 11 b og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun telur að sýnt hafi verið fram á að sorpurðun á umræddu svæði undanfarin 14 ár hafi haft óveruleg umhverfisáhrif. Frá því mat á umhverfisáhrifum fór fram hafa ekki orðið breytingar sem snúa að umhverfi svæðisins né eru áform um að breyta starfsemi á svæðinu svo sem aðferðum við urðun og frágang, tegundir úrgangs eða magn.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Sorpsamlags Þingeyinga við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Sorpsamlags Þingeyinga vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð stækkun sorpurðunarsvæðis við Kópasker sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar um urðun nr. 738/2003. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á aðalskipulagi Norðurþings og deiliskipulag. Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulag er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Sorpsamslag Þingeyinga og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 21. janúar 2014.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

Skipulagsstofnun